ÆVINTÝRI Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

Texti og myndir: Emmanuelle Monod og Blaise Gabioud

Ferðin tók 3 mánuði. Einn mánuður fór í að velja hesta og að gera búnaðinn kláran. Annar mánuður fór í reið um Fjallabak og sá þriðji í ferðina frá Hunkubökkum, um Austurland til Mývatns. Við riðum samtals 1000 kílómetra, að meðaltali 20 kílómetra á dag, á fethraða. Mósi litli og Blakkur báru mest 90 kíló hver. Á hverju kvöldi, reistum við tjaldið okkar og settum upp rafmagnsgirðingu þar sem beitin var best. Ætlun okkar var að vera í návígi við náttúruna, að gefa okkur nægan tíma, að á þegar okkur hentaði, að vera sjálfstætt fólk án fyrirheits en í góðum félagsskap við hestana okkar. Við reyndum að haga seglum eftir vindi en gerðum okkur fljótt grein fyrir að hestarnir okkar voru bæði seglin og vindurinn.

Fyrsta hestaferðin

„Þið eruð aðeins á tveimur hestum? Hér á Íslandi erum við vön því að ferðast með minnst 3 til 4 hross hver…“ Þetta var athugasemdin sem við heyrum oftast á ferð okkar um Ísland! Og oft er því bætt við að trússhestarnir hafi nú víðast vikið fyrir hestöflum á hjólum, jeppum, sem flytja helstu nauðsynjar og fóður og ekki síst vínföng á milli áningastaða. Kvöld í óbyggðum kalla oft á mikla söngolíu. Við og hestarnir með hnakktöskurnar virkum því framandi og á skjön við tíðarandann. Við höfum vissa reynslu í að ferðast um á annan máta en aðrir. Nýlega gekk Manue ein yfir Alpana þvera og Blaise sigldi á kæjak í þrjá mánuði yfir þvert Norður Kanada. En fyrir þessa fyrstu hestaferð hefðum við hins vegar þurft meiri kunnáttu: Að kunna að járna, að þekkja svolítið til dýralækninga og ekki síst að þekkja betur til staðhátta til að velja beitarhaga, til að forðast girðingar, til að finna reiðslóða….eða hreinlega til að forðast norðurheimskautsbauginn! Það sem við tókum með í ferðina var því eins mikill kjarkur og komst í farangurinn, heilbrigð skynsemi og þolinmæði. Fyrir 8 árum gekk Blaise frá Landmannalaugum í Þórsmörk í maí, þegar Laugavegurinn var enn þakinn snjó. Í þeirri ferð hitti hann Óla Pétur Gunnarsson, sem tók hann upp í bílinn sinn þegar hann var á leið inn að Heklu. Þessi hálfruglaði flakkari vakti vissa aðdáun hjá Óla Pétri og því stóð hann við hlið okkar á ný núna þegar við hringdum í hann og báðum hann um aðstoð við að undirbúa þennan reiðtúr um Ísland.

Undirbúningurinn

Því miður komum við til Selfoss um það leyti sem Landsmót hestamanna stendur sem hæst. Óli verður að fara þangað norður með dóttur sinni, sem var að keppa. Hann bendir okkur áður á hesthúsið þar sem við höfum 11 hesta til að velja úr. Strax við fyrstu sín fellur Manue fyrir hinum fallega Blakk og Blaise fyrir Mósa litla. Við byrjum sjálf að prófa þá einn af öðrum til að finna fjóra bestu hestana. Við tökum þá einn af öðrum, önnumst þá, kembdum þá, fylgjumst með þeim bæði í návígi og úr fjarlægð, skoðum hvernig þeir bera sig og hvernig þeir bregðast við bæði okkur og smá hindrunum sem verða á vegi þeirra. Við fylgjumst með hversu spakir þeir eru. Eitt aðalskilyrði okkar er að það sé auðvelt að ná þeim og beisla. Við veljum Mósa litla og Blakk fyrir reiðhesta og Brún og Blesa fyrir trússhesta.

Það er komið að brottför! Við veljum okkur einfaldan áfanga til reynslu, gistihúsið hans Óla Guðmunds á Bitru, 13 kílómetra frá Selfossi. Brúnn, trússhesturinn okkar, ber 86 kíló. En hann skelfist og snýr til baka á stökki. Sem betur fer stoppar bílstjóri, sem leið á um og nær að stöðva hann. Þessi fyrsti áfangi tók okkur 40 mínútur og aðeins 3 kílómetrar að baki ! Við hugsum okkar gang og minnkum trússið niður í 63 kíló. Á þriðja degi stingur Brúnn af enn einu sinni og að þessu sinn skutlar hann trússunum af sér, hverju á fætur öðru.

Við ákveðum því að leggja í hann með reiðhestana eina, Blakka og Mósa litla og gefum upp áætlanir okkar um að fara hring um landið. Tíminn er orðinn of naumur. Við ákveðum að halda inn á Fjallabak! Með aðeins tvo hesta er fæðuúthaldið minna en áhyggjurnar sömuleiðis. En nú verðum við aftur á móti að endurskoða farangurinn einu sinni enn. Allt veður að komast í hnakktöskurnar. Tjaldið og svefnpokarnir eru svo bundir yfir allt saman.

Mósi litli

Sextán vetra, lítill, mjög öruggur en þrjóskur og sjálfstæður. Hann er skeiðari. Hann er leiðtogaefni, en frekar í anda þeirra sem alltaf eru í kaffipásu. Honum fellur betur að vera knúinn til að elta en að leiða gegn vilja sínum. Líkt og Blakkur, þá er hann hlýðnari þegar talað er við hann á íslensku, jafnvel þótt það sé eftirlíking. Uppáhaldssetningin hans er: „Farðu fram fyrir, ég elti þig.“

Blakkur

Níu vetra, vel byggður og traustur. Kann að tölta og hefur næstum því komist á keppnispall. Vel taminn, fyrirmyndar vinnumaður og yfirgefur aldrei Mósa litla. Ennistoppurinn gefur honum flott útlit en truflar útsýnið. Uppáhaldssetningin hans er: „Ó já, kæra fröken, klóraðu mér aðeins meira.“

Héðan í frá verður plássið svo lítið að við tökum aðeins einn tannbursta fyrir okkur tvö og ekki annan járningabúnað en 6 hófnagla. Við skiljum nær allar túnfiskdósirnar eftir en Blaise lumast þó til að fylla vasana með nokkrum dósum auk kornmetis og spaghettis. Við erum aftur full af sjálfsöryggi en setjum samt lítinn miða með símanúmerunum okkar á reiðtygin.

Ys og þys á öræfum

Fjallreiðin 12. júlí – 11. ágúst. Við ríðum upp Þjórsárdal. Í Árnesi er viðskiptavinur sem er að taka bensín undrandi á að við hyggjumst alla leið inní Landmannalaugar á aðeins tveimur hestum. „Ég á sjálfur hesta og ég veit að það er enginn beit inni á hálendinu. Haldið þið virkilega að ykkur takist þetta?“ Við Þjórsárholt er enginn tilbúinn að veita okkur aðgang að haganum sínum um nóttina. Þetta er eins og þruma úr heiðskýru lofti. Við verðum foxill þegar bóndi nokkur kemur og krefur okkur um greiðslu fyrir að tjalda við veginn. Við förum út af veginum og fylgjum hestaslóða, sem leiðir okkur á nokkrum klukkustundum í gegnum landslag, sem er það fjölbreytt að það minnir eitt andartak á kanadíska skóga og það næsta á Sahara og mongólskar sléttur. Handan við hæð liggur sæluhúsið að Kletti í felum. Á Stöng, missir Blakkur skeifu þegar hann hleypur um í girðingunni til að flýja mýbitið. Sem betur fer býðst Dúna frá Landi og hestum til að

hjálpa okkur. Við verðum mjög vandræðaleg, við erum ekki einu sinni með varaskeifu fyrir hana!
Þar sem beitin er engin og bannað er að tjalda utan valinna tjaldsvæða fara hestalestirnar hér um á leifturhraða. Loks komum við að sæluhúsi þar sem þeirra bíður hey og girðing. Það er fyrir tilvist þessara sæluhúsa sem hægt er að ferðast um hálendið á hestum. Við sem vorum að sækjast eftir að vera ein á báti en verðum líkt og aðrir að velja okkur næsturstað í þessari hesta- og mannös.

Svartir sandar

Hvað erum við eiginlega komin út í, spyrjum við okkur, þegar við náum upp í skarðið við Áfangagil. Við okkur blasir heimsendaumhverfi úr svartri ösku. Við setjum upp búðir okkar inni í girðingu sem þarna er til staðar. Við teymum hestana okkar um svæðið til að narta í þau fáu strá, sem þarna eru. Þetta verður eina máltíðin þeirra og þeir eru því ekki rólegir um nóttina. Við Landmannahelli ríður Manue fyrst út í ána. Og þá verður slys. Blakkur festist í drullu og tryllist með Manue á bakinu. En hún nær að halda sér á baki og Blakkur nær fljótt að losa sig…..en okkur brá ekki minna en honum!
Í Landmannalaugum þykir okkur eins og við séum komin í flóttamannabúðir. Þótt

volgt vatn streymi hvarvetna upp úr jörðinni verður að borga í sturtuna. Við höldum í könnunarleiðangur inn á Laugaveginn, sem liggur suður í Þórsmörk. Jafnvel þótt sumir hafi farið þarna á hestum, lýst okkur ekki á hrafntinnuna. 20 kílómetrar í þessari grjóturð væru ef til vill góðir fyrir stoltið okkar en ekki fyrir hestana okkar. Við þræðum okkur eftir jeppaslóða fram hjá Hrafntinnuskeri. Þarna rekur Rússi nokkur sjoppu í gamalli rútu. Það bjargar okkur þótt verðið sé heimsmet. Við yfirgefum svæðið með kost til 6 daga og hey í stórum ruslapoka. Við göngum á undan hestunum og leiðum þá í taumi.

Vin í eyðimörkinni

Viðkoma í litla mannlausa fjallaskálanum í Dalakofa gerir okkur gott eftir mannmergðina dagana á undan. Samband okkar við hestana verða æ styrkara. Við ríðum berbakt í fyrsta sinn og Blakkur fer upp á sitt einsdæmi inn í sæluhúsið til að fá sér morgunkorn. Mósi litli aftur á móti flækir hófinn í taumnum og við náum að lækna sárið með því að bera á það smjör í nokkra daga. Svæðið er stórfenglegt en við sitjum föst í Hvannagili vegna linnulausrar rigningar. Skálaverjan [vörðurinn] og við verðum stöðugt fyrir ónæði af hópum annarra hestamanna. „Færið hestana ykkar, þetta er okkar svæði," skipar okkur leiðsögumaður frá Íshestum. Þessi ruddalega framkoma stuðar okkur. Manue tekur þessu af jafnaðargeði en Blaise er búinn að fá nóg af fólki og jeppum. Skálaverjan lætur okkur hafa olíu á prímusinn okkar og 6 stóra ruslapoka sem við fyllum með heytuggu. Nú erum við staðráðin í að forðast þessa átroðnu ferðamannastaði.

Undarlegir dagar

Dagarnir sem nú renna upp eru þeir rugluðustu á þessari fjallaferð. Við byrjum á að ríða yfir lítt gestrisin Mælifellsöræfi. Ímyndið ykkur málverkið: Þegar við áum í hádegisstað sitjum við þarna tvö með gult heyið stráð í kringum okkur í endalausri svartri auðn. Við

Við finnum jörðina titra á næturna undan bröltinu í þeim. Við hlustum á þá japla án afláts og veltum fyrir okkur hvernær þeir sofi eiginlega.

Strútslaug dveljum við síðan í nokkra daga líkt og í draumi. Staðurinn er frábær, fjarri vegum, ferðamannahópum og jeppum. Við böðum okkur í litlum heitum laugum, sem við lögum til með tilfallandi grjóti. Það er engin brennisteinslykt af sjóðheitu vatninu. Loksins getur Blaise lagað „hverateið“ sitt án þess að eitra fyrir okkur. Hestarnir njóta þess að velta sér um í sólinni rétt hjá tjaldinu. Við höllum okkur upp að þeim og fáum okkur síðdegisblund með þeim. Þetta er hamingjan.
Þegar heimskautaóveður skellur á næstu daga verður mannlausa sæluhúsið við Álftavötn okkur til bjargar. Þarna er lítið um beit. Við gerum okkur því ferð í skálann í Hólaskjóli. Skálaverjan þar dáist að sjálfstæði okkar og gefur okkur hey og svolítið af

mat. Það kemur sér vel. Tíu dagar eru liðnir síðan við vorum í Landmannalaugum og birgðirnar á þrotum. Hungrið er farið að gera okkur önug.
Við höldum niður úr fjöllunum. Þótt gönguleið sé merkt á kort, finnst hún hvergi. Við fáum smjörþefinn af því sem nú býður okkar við ströndina. Við þræðum okkur meðfram fjárgirðingu í marga kílómetra án þess að finna hlið. Til að bæta gráu ofan á svart snýr Mósi litli upp á eina skeifuna í mýrarfeni. Við reynum að ná henni af með því litla sem við höfum til viðgerða en við höfum ekki réttu tólin. Við teymum því hestana og veljum mýksta undirlendið sem við finnum næstu 25 kílómetrana niður að Hunkubökkum. Við komum þangað seint, örmagna, blaut til fótanna og með tóman maga. En fjölskyldan hennar Heiðu aumkvast yfir þennan undarlega litla leiðangur. Og pabbi hennar nær skeifunni af.
Nú heimta Mósi litli og Blakkur þriggja daga frí. Við skiljum þá eftir á Hunkubökkum og húkkum okkur far niður á Selfoss. Við stefnum á að halda ævintýrinu áfram austur

ÆVINTÝRI Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

með ströndinni, en áður verðum við að birgja okkur upp af verkfærum til járninga og höfuðljósum, því nóttinn er strax farin að lengjast.

Í góðum félagsskap

Frá Suðurlandi um Austurland til Mývatns 12. ágúst – 16. september. Við leggjum í hann á ný! Hvarvetna eru girðingar, lítið um slóða og þeir fáu sem við rekumst á liggja beint heim á bæi. Oft er landið utan vega illfært, mýrar og urðir, skorið í sundur af ófærum fallvötnum. Landslagið er fjölbreytt, jöklar, jökullón, sandauðnir og hraunbreiður. Hitinn

er hærri en uppi í fjöllunum. Trukkabílstjórar eru tillitssamir og hægja á sér, öfugt við jeppana sem þjóta hjá á sínum belgdekkjum. Þeirra markmið er að komast þægilega og hratt hvert sem er, okkar markmið er að komast þangað sem hestarnir leyfa á þeim hraða sem þeim hentar. Við eigum meira skylt við hjólreiðafólk en þá sem taka þátt í skipulögðum hestaferðum. Niðri í fjörðum er hringvegurinn klemmdur á milli fjalls og fjöru.
Tengsl okkar við hestana verða nánari eftir því sem líður á ferðina. Við stefnum ekki á nein met með löngum dagleiðum eða fjarlægum lokaáfanga. Við viljum að hestarnir okkar njóti ferðarinnar í okkar félagsskap svo við getum skilað þeim aftur til Óla Péturs í besta formi. Fyrir þá er hvatinn að komast í sem bestan haga í lok hvers dags. Í byrjun litum við á það sem góðan næturstað ef við fundum gott hey, vatn, þurran flöt og vörn fyrir vindi á stað fjarri umferð en með fögru útsýni. Nú leitum við fyrst og fremst að góðri beit, annað mætir afgangi.

ÆVINTÝRI Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

Mennskir hestar

Á hverju kvöldi tekur það okkur klukkustund að setja upp rafmagnsgirðinguna. Að þessu sinni erum við viss um að það er virkilega straumur á henni, því Blaise prófar hana á sjálfum sér. Við komum með nýtt batterí frá Selfossi. Hitt batteríið dó þegar það féll af bakinu á Brún en við þorðum aldrei að ganga úr skugga um það með því að snerta strenginn. Það var Blakkur sem leiddi okkur í sannleikann. Við komum að honum á beit fyrir utan girðinguna um miðja nótt. Hann skildi Mósa litla einan eftir í girðingunni og læddi sér svo inn í hana aftur í morgunsárið eins og ekkert hefði í skorist. Manue var búin að finna upp bráðabirgðalausn. Hún leiddi hestana rólega að vírnum, rak allt í einu upp skaðræðisvein og baðaði út öngunum. Það virkaði í hvert sinn. Skelfdir hestarnir trúðu því, að minnsta kosti um stundarsakir, að straumur væri á vírnum.

Það er á þessum hluta ferðarinnar, sem við tökum upp á því að tjalda inni í rafmagnsgirðingunni. Grasið hlýtur að vera betra í kringum matarbirgðirnar okkar því hrossin vilja helst vera á beit sem næst tjaldinu okkar. Við finnum jörðina titra á næturna undan bröltinu í þeim. Við hlustum á þá japla án afláts og veltum fyrir okkur hvernær þeir sofi eiginlega. Þegar Mósi litli rífur ekki upp tjaldhælana og hluta af tjaldinu með, fær hann okkur til að veltast um að hlátri þegar við við komum út um morguninn og sjáum hann liggja sofandi fyrir framan tjaldið með snoppuna tvo sentímetra frá útgönguopinu.

Ferðamannaryksugur

Við erum með áhyggjur af því hvernig við eigum að komast yfir vatnakvíslarnar á Skeiðarársandi því varla er í þær leggjandi nema í dagsljósi. Sem betur fer finnum við reiðslóða. Í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru hestar engir auðkomugestir. Eftir 44 kílómetra og um tíu klukkustundir á hestbaki komum við okkur því fyrir við rætur hins stórfenglega Svínafellsjökuls.

Við Jökulsárlón sigla bátar hlaðnir ferðafólki með viðeigandi hávaða á milli jökulbrotanna. Þetta á víst að vera þjóðgarður! Það er leitt að jafn fallegu náttúruundri skuli breytt í ferðamannaryksugu. Aftur á móti væri leitt að líta fram hjá þessum stað vegna þess eins að hann er fjölsóttur. Í 200 metra fjarlægð frá fjöldanum brýtur hafið á ströndinni og þar er enginn. Hestarnir frýsa, smakka saltann sjóinn og líta skyndilega upp: Þeir hafa komið auga á hval á sundi 20 metra frá ströndinni! Við „sitjum“ þarna fjögur dágóða stund að virða hann fyrir okkur.

400 km á milli járninga

Eftir 11 daga náum við til Hafnar. Fjölskylda nemur staðar við hlið okkar á bensínstöðinni, forvitin og hlæjandi: „Hvað, eruð þið að koma frá Selfossi?!“ Þau fallast vingjarnlega á það líkt og fjölskyldan á Hunkubökkum að taka hestana í haga heima hjá sér á Bjarnanesi í tvo daga. Ferð okkar til austurs liggur nú um firðina. Fjöllin eru brött og við fylgjum strandlengjunni. Það skellur á óveður. Það rignir í 3 daga og vindurinn kemst upp í 45 km hraða, sem nægir til að gera okkur óstöðug á baki. Við kjósum fremar að halda

Ferðin um Ísland var stórt ævintýri í félagskap kláranna okkar tveggja. Þeir voru oft kjarkmiklir félagar, stundum þrjóskir eins og múlasnar. Þeir fengu okkur til að hlæja og gráta til skiptis. Það voru þeir sem tömdu okkur en ekki öfugt.

VIÐ ÓSKUM HESTAMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS

Hestamannafélagið Skuggi
Borgarnesi

Félag tamningamanna
Bændahöllini við Hagatorg
Netfang: ft@bondi.is

Þröstur Karlsson
Bugðutanga 3 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 566 7242 • GSM: 894 5111

Bændasamtök Íslands
Bændahöllini við Hagatorg

Guðlaugur og Jónína
Sími: 487 6589 • Gsm: 862 1954 • Fax: 487 5489
Netfang: joninah@simnet.is
www.hestanudd.is - www.simnet.is/laekjarbotnar

Eldfari hestaflutningar
Hómgeir Eyfjörð
Gsm: 892 7092 • 894 5348
Netfang: eldfari@nett.is

Hestamannafélagið Fákur
Víðidal • Reykjavík
www.fakur.is

Hestmannafélagið Gustur
Kópavogi
www.gustarar.is

Hestamannafélagið Sörli
Hafnarfirði
www.sorli.is

Hestmannafélagið Andvari
Garðabæ
www.andvari.is

áfram gangandi með hestana í taumi.
Við förum yfir Lónsheiði og Blaise ákveður að sleppa Mósa litla til að kanna hvort hann reynist okkur trúr. Niðurstaðan er sú, að þegar hann er saddur þá fylgir hann okkur dyggilega en þegar hann er svangur má eiga von á því að bíða lengi eftir honum. Uppi á Lónsheiði var hann orðinn svangur en þar var ekkert annað en grjót til matar. Hann ákveður því að fylgja okkur á leiðinni upp, sneyptur, um það bil 300 metra fyrir aftan okkur.
Við gerum okkur grein fyrir að við þurfum að járna hestana á ný. Í neyðartilfellum teljum við okkur vera orðin nægilega sjálfstæð til að redda okkur sjálf með verkfærunum sem við höfum. En við kjósum frekar að þiggja aðstoð hrossaræktarmanns sem við hittum á leiðinni til Egilsstaða. Að meðaltali höfum við ferðast 400 kílómetra á milli járninga.

Hestarnir fyllast galsa

Á Egilsstöðum búum við okkur næturstað í bænum sjálfum, í felum á bak við kirkjugarðinn. Þarna er fremur rólegt og bæði vatn og gras. Við setjum upp rafmagnsgirðinguna okkar án þess að mikið beri á, því það stendur yfir jarðaför. Við reiknum með að þurfa að þræða hringveginn næstu 200 kílómetrana. Sem betur fer eru hér hvorki girðingar né mýrar og við getum því í staðinn fylgt fornum reiðleiðum, frá vörðu til vörðu. Leiðin liggur um auðnir líkar þeim sem eru á miðhálendinu og stundum er erfitt að finna vatn. Hér verður víða á vegi okkar hraun í öllum sínum undrlegu myndum, stundum krumpað eins og klæði, stundum hrukkótt eins og fílshúð eða uppásnúið eins og rafmagnssnúra.
Þrátt fyrir vegalengdina, virðast klárarnir í góðu formi. Blakkur virðist ekkert hafa lagt af, nema síður sé ! Einn daginn er Manue að reyna að jafna birgðarnar, þar sem hún situr sjálf á hestbaki. Greinilega of kraftalega því skyndilega fellur allt af baki, þar með talið hún sjálf, hnakkurinn og hnakktaskan. Mósi litli er með sífellt meiri galsa. Hann skynjar greinilega að ferðalokin eru í nánd. Blakkur hefur af þessu nokkrar áhyggjur, sérstaklega þegar Mósi hoppar eins og krakki fram og aftur í rafmagnsgirðingunni. Það hefði dreift svolítið athygli þeirra að fá að fara á fjall í smalamennsku, en á Möðrudal líkt og víða á Íslandi eru fjórhjólin búin að taka við því hlutverki af hestunum.

Skilnaðarstund

Eftir 1000 kílómetra og tveggja mánaða reið nær þessi litla hjörð til Mývatns. Hér krumar allt í eldvirkni og hvítur leirinn er mikil andstaða við svörtu sandana sem við eru að koma ríðandi yfir. Eins og um var talað hringjum við í Óla Pétur til að biðja hann um að koma að sækja okkur með hestakerruna sína. Á meðan við bíðum komum við klárunum okkar fyrir hjá Bangsahestum. Elena, sem er sænsk og sér um þessa hestaleigu, þarf að koma hestum til Akureyrar og ákveður að gera það á okkar máta. Þegar við sjáum hana gera trússhest kláran erum við því fegin að geta látið hana hafa hnakktöskurnar okkar og rafmagnsgirðinguna. Við hugsum til þeirra, þremur dögum síðar þegar það gerir úrhellisrigningu og við svífum suður í þægilegum pallbílnum hans Óla Péturs.
Og hvað um Mósa litla og Blakk? Óli fékk þá aftur í besta formi. Ef þeir hefðu fengið að vera áfram saman hefðu þeir vafalaust verið til í að halda ferðinni áfram. Við vissum frá upphafi að við yrðum að skila þeim í leiðarlok. Við hefðum því getað undirbúið betur þessa skilnaðarstund. Þeir snúa til síns heima á Selfossi og við erum ekki það hrokafull að ímynda okkur að þeir hafi þurft að kynnast okkur til að finna hamingjuna.



Lífsreynsla fremur en frí

Ferðin um Ísland var stórt ævintýri í félagskap kláranna okkar tveggja. Þeir voru oft kjarkmiklir félagar, stundum þrjóskir eins og múlasnar. Þeir fengu okkur til að hlæja og gráta til skiptis. Það voru þeir sem tömdu okkur en ekki öfugt. Upphaflega ætluðum við að ferðast um Ísland á hestum en þegar upp var staðið höfðum við farið í ferð á hestum um Ísland, með meiri áherslu á hestana en landið. Þessi góða ferð varð því fremur lífsreynsla en frí. Mannlegi þátturinn var ekki minna ævintýri. Íslenskum vinum okkar fannst við léttgeggjuð, en þeir trúðu samt á ævintýrið okkar allt til loka. Traust þeirra var okkur mikil hvatning.
Ekki síst var þetta upplifun fyrir ástina. Á þessari för þurftum við að horfa samstíga fram á veginn jafn oft og í augun á hvort öðru. Sambandið lifði það af að vera saman hverja einustu stund í 3 mánuði, jafnt í gegnum hláturköst sem rifrildi. Við vorum varla meira en skref frá hvort öðru allan þennan tíma. Við áttum ekki annars kost, hestarnir okkar voru óaðskiljanlegir og við urðum því að vera það líka.